

4. Starfsskýrslur

Vignir Sigurðsson

Hjá BSE þ.e. Ráðgjafabjónustu á Norðausturlandi, búfjárefirliti, sæðingastarfsemi, bókhaldsbjónustu og kortagerð störfuðu um síðustu áramót alls 17 manns í rúmlega 13 stöðugildum. Þrír starfa við bókhaldsbjónustuna Bókvís ehf. 2 frjótæknar eru fastráðnir en 2 til viðbótar hafa sinnt afleysingum. Við kortagerð starfar einn ráðunautur en þar hefur orðið mikill samdráttur í verkefnum. Stöðugildi sem tilheyra hefðbundnum ráðgjafastörfum og skrifstofuhaldi eru 6-7. Klaufskurði hefur svo verið sinnt í verktöku. Megin starfsemin er eins og flestum er kunnugt í Búgarði en tvær skrifstofur er leigðar fyrir ráðunauta í Þingeyjarsýslum, ein á Húsavík og önnur á Þórshöfn.

Skráðir vinnutímar starfsmanna eru um 27.600 þar af eru vinnutímar hjá Bókvís um 6.600. Skráðir vinnutímar 2008 voru hinsvegar um 31.000, fækkun vinnutíma milli ára svara til u.þ.b. tveggja stöðugilda. Mestu munar um fækkun vinnustunda í kortagerð eða um rúma 900 tíma. Færri tímar eru einnig skráðir á skrifstofuhald en annars dreifist þessi samdráttur nokkuð jafnt á alla verkþætti Búnaðarsambandsins. Meiri tími er skráður á þætti eins og rekstraráætlanagerð en það er nokkuð á kostnað Ráðhildarverkefnisins. Einnig er nokkur fjölgun vinnustunda í jarðrækt.

En ný verkefni hafa einnig bæst í flórana. Rekstur Möðruvalla er nú í höndum Búnaðarsambandsins. Ingvar Björnsson hefur sinnt þar framkvæmdastjórn og er greint frá starfsemi þess á öðrum stað í þessu riti.

Síðast liðið ár (2009) er fyrsta heila árið í rekstri klaufskurðarbássins og hefur hann gengið ágætlega. Farið var á 53 bæi á sl. ári og klaufir snyrtar á um 1400 kúm. Það þýðir að einungis þriðjungur kúabænda er að nýta sér þessa bjónustu. Farið var á 28 bæi í Eyjafirði og 25 bæi í Þingeyjarsýslu. Þingeyskir bændur hafa því hlutfallslega verið heldur duglegri að nýta þessa bjónustu.

Útgáfumál hafa verið með líku sniði og undangengin ár þ.e. haldið er úti vefsíðunni bugardur.is og Fréttir og fróðleikur sem kom út 5 sinnum á árinu. Ársskýrslan kom til bænda síðla sumars og er það of seint. Í sparnaðarskyni var síðasta ársskýrsla gefin út í ljósrituðu gormahefi sem unnið var alfarið í Búgarði. Við teljum okkur hafa sparað nokkra fjármuni á því.

Rekstur bókhaldsbjónustu undir merkjum Bókvís ehf. gekk sæmilega á sl. ári. Velta var rúmar 25 milljónir, en rekstrarafkoma er neikvæð um rúma milljón, helst þyrfti sá rekstur að vera réttu megin við strikið. Fastir starfsmenn bókhaldsbjónustunnar eru 3 en auk þess er keypt vinna af BSE á álagstímum. Starfsmenn Bókvís hafa einnig sinnt ýmsum verkum fyrir BSE s.s. viðhaldi tölvukerfis, afgreiðslu í afleysingum, vörusölu o.fl.

Rekstraruppgjör ársins 2009 liggur nú fyrir. Tekjur eru um 114 milljónir og eru þær nánast óbreyttar frá árinu áður. Gjöld eru um 112 milljónir, samanborið við 120 milljónir árið 2008 og munar þar mestu um lækun á launakostnaði um 9 milljónir. Rekstrarafkoma er því jákvæð um rúmar 2 milljónir en að teknu tilliti til fjármagnliða er afkoman jákvæð um 4 milljónir. Rekstrarliðir eru í ágætu samræmi við áætlun sem gerð var á síðasta ári. Leiðbeiningahluti starfseminnar er rekinn með tapi upp á 2,5 millj. en samt sem áður er þar verulegur viðsnúningur til hins betra frá fyrra ári. Nautgripasæðingar eru reknar með hagnaði upp á 4,6 milljónir og það þrátt fyrir að útlagður kostnaður bónda vegna sæðinga sé hér lægstur á landsvísi eða rúmar 500 kr. á hverja kú. Fjárfestingar árisins voru þær að lagt var fé kr. 1 milljón til stofnunar Möðruvalla ehf. og keyptur var fólksbíll í sæðingar að upphæð 2,6 milljónir. Eldri bíllinn sem sá nýi leysti af er ekinn um 480 þúsund km. og er hann enn í notkun hjá

búnaðarsambandinu og kemur að góðum notum. Ég tel að við höfum náð ágætum árangri með að hagræða í rekstri og vona að ekki þurfi að koma til frekari samdráttar í starfseminni. Í heild má segja að rekstur og efnahagur búnaðarsambandis sé traustur þó ekki sitji það á digrum sjóðum. Félagið er án langtímaskulda og á ágætis fasteign að Óseyri 2 sem búið er endurbæta að innan sem utan og lausafé nægir til nokkura mánaða rekstrar. En óvissa ríkir nú um hvort eða hvernig tekst að semja við ríkisvaldið um Búnaðarlagasamning en þau mál eru í höndum Bændasamtakanna. Um 30% af framlögum og um 20% af heildartekjum BSE koma í gegnum þennan samning. Mikil skerðing á honum hefði því afdrifaríkar afleiðingar fyrir rekstur búnaðarsambandsins. Búnaðargjald er stærsti einstaki tekjuliður ráðgjafabjónustunnar og var hann á síðasta ári um 24,5 milljónir. Sú umræða er ekki ný af nálinni um nauðsyn þess að endurskoða þessa gjaldtöku hjá bændum. Nýlegt Búnaðarþing og aðalfundur LK hafa ályktað á þá leið að endurskoða beri búnaðargjald með það að markmiði að það lækki. En í ljósi þess að búnaðargjald er um þriðjungur af tekjum ráðgjafabjónustunnar er vert að hafa í huga að mikil lækkun eða afnám búnaðargjaldsins myndi kollvarpa þessum rekstri eins og honum er nú háttað.

Rekstur margar búa er mjög erfiður um þessar mundir og hlýtur það að verða stærsta verkefni starfsfólks ráðgjafabjónustunnar að aðstoða bændur eftir fremsta megni að bæta sinn rekstur og takast á við framtíðina.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki, stjórnnum búnaðarsambandanna og bændum fyrir gott samstarf.

Ari Teitsson

Undirritaður starfaði hjá Búgarði á árinu 2009 eftir þörfum vinnuveitanda. Vinnutími mældist tæpir tveir mánuðir og snerist eingöngu um sauðfé. Viðfangsefni tengd sauðfjárrækt voru kynningarfundir sauðfjársæðinga, undirbúningur og framkvæmd sauðfjársæðinga í héraði í desember og síðast en ekki síst aðstoð við val líffjár með hjálp ómsjár.

Starfið var í heild gefandi og eiga bændur og aðrir samstarfsaðilar þakkir fyrir samstarfið.

Guðmundur Helgi Gunnarsson

Nokkur breyting var á verkefnum ársins 2009 miðað við árið 2008 þar sem meiri tíma var varið í leiðbeiningar í jarðrækt, þá sérstaklega í áburðarleiddbeiningar en minni tími fór í kortagerðina. Samdráttur í kortagerðinni var einkum í skipulagsverkefnum sem skýrist af því efnahagsástandi sem skapaðist við bankahrunið og eftirspurn eftir frístunda- og íbúðarlóðum fór minnkandi. Það sem snýr að efnagreiningum er móttaka og undirbúningur sýna, þ.e. þurrkun og mölun heysýna ásamt skráningu og útprentun á niðurstöðum og þurrkun og sigtun jarðvegssýna. Öll sýni voru síðan send Landbúnaðarháskólanum til efnagreiningar. Þorgerður Gísladóttir sem vann í afgangi Búgarðs sá um þurrkun og mölun heysýnanna. Hey- og kornsýni sem bárust til meðhöndlunar hjá okkur voru nær eingöngu af starfssvæði Búgarðs og skiptist þannig eftir svæðum:

Eyjafjörður	267
Suður-Þingeyjarsýsla	96
Norður-Þingeyjarsýsla	8
Austurland	3
<u>Samtals</u>	<u>374</u>

Sýnum fækkaði um 40 miðað við árið á undan, svipaður fjöldi var úr Eyjafirði, en fækkun bæði úr S.-Þing og N.-Þing. Upplýsingar um heygæði og efnainnihald eftir svæðum er að finna í töflu 3 aftar í þessu riti.

Engin skipuleg jarðvegssýnataka var í gangi á starfssvæðinu árið 2009, aðeins tekið hjá þeim sem pöntuðu sýnatöku og urðu þau aðeins 27 að tölu sem er svipað og árið á undan.

Vegna færri skipulagsverkefna í kortagerðinni var ekki hægt að ráða Guðbjörgu Guðmundsdóttir landslagsarkitekt áfram á árinu 2009, en hún var í hlutastarfi árið 2008 og vann fyrst og fremst við slík verkefni. En þau skipulagsverkefni sem unnið var að á árinu 2009 voru eftirfarandi: Frístundabyggð fyrir 20 hús í landi Skóga í Fnjóskadal, nokkur frístundahús í landi Skáldalækjar Svarfaðardal, breyting á deiliskipulagi frístunda- og íbúðarhúsa í landi Hróarsstaða í Fnjóskadal, víkingaskála Moldhaugum Hörgárbyggð, gallerý og vinnustofu Teigi Eyjafjarðarsveit og vegna ferðaþjónustuhúsa á Björk og Geiteyjarströnd 1 í Mývatnssveit.

Önnur verkefni í kortagerð af ýmsum toga hafa verið eins og undanfarin ár, t.d. vegna stakra byggingaframkvæmda í sveitum, þó þar hafi einnig að sjálfsögðu orðið samdráttur, en mæling lóða, landspildna og landamerkja er viðvarandi verkefni og mikið er óunnið í því, t.d. vegna hnitsetningu eldri lóða og landamerkja jarða.

Eins og kemur fram hér að framan var meiri tíma varið í leiðbeiningar í jarðrækt en undanfarin ár og þá einkum áburðarleiðbeiningar. Voru m.a. teknir inn nýjir stuðlar fyrir efnamagn í kúamykju þar sem tekið var tillit til nýjustu mælinga á efnainnihaldi mykjunnar sem unnar hafa verið í tengslum við rannsóknarverkefni á Tilraunabúinu á Möðruvöllum og hjá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Áherslan á áburðarleiðbeiningar tengist jú síhækkandi áburðarverði á síðustu árum, en áburðarinnflytjendur gera okkur ráðgjöfum oft erfitt fyrir þegar þeir flytja ekki inn áburð með þeirri samsetningu sem við ráðleggjum t.d. hvað varðar innihald á brennisteini. Ef vel ætti að vera þyrftu þeir sem fá leyfi til slíks innflutnings að hafa bæði þekkingu í áburðar- og efnafræði.

Hér hefur verið drepit á nokkra þætti í starfi liðins árs, en að endingu vil ég þakka samstarfsfólki, bændum og öðrum sem til mín hafa leitað góð samskipti.

Guðmundur P. Steindórsson

Samkvæmt vinnudagbók minni árið 2009 var um 87% tímans varið vegna nautgriparæktarinnar, sem er lítið eitt lægra hlutfall en var árið á undan. Þar var umfangsmesta verkefnið að fylgjast með skýrsluhaldinu. Það fluttist alfarið yfir í miðlæga forritið Huppu á árinu 2008. Smám saman fjölgar þeim bændum sem hafa aðgang að því og í lok síðasta árs voru rúm 60% skýrsluhaldara á svæðinu sem skráðu sjálfir sínar upplýsingar. Fyrir hina fer skráningin fram í Búgarði. Tíma mínum varðandi skýrsluhaldið er fyrst og fremst varið í leiðbeiningar og aðstoð við færslur, eftirlit með æternisfærslum, leiðréttingar á þeim og ýmsu fleiru, fylgjast með skilum, panta merki, gera samanburð á skýrslufærðri og innlagðri mjólk, úrvinnslu fyrir einstök félög og fleiru. Einnig greip ég skráningar, en þær voru að mestu í höndum Þorgerðar Gísladóttur og einnig yfirfer Smári Helgason frjótæknir ákveðin atriði og kallar eftir upplýsingum ef á vantar.

Kvíguskoðun var með nokkuð hefðbundnum hætti, fór í aðalatriðum fram frá því síðast í apríl og fram í fyrstu daga júní. Dæmdar voru alls 1858 kvígur. Af þeim dæmdi ég 1295, en Sigríður Bjarnadóttir, Gunnfríður E. Hreiðarsdóttir og Magnús B. Jónsson það sem á vantar. Auk þess voru skoðaðar allmargar fullorðnar kýr, bæði nautsmæður og kýr undan ákveðnum nautsfeðrum. Ég gerði samantekt um kvíguskoðunina hvað varðaði árganginn 2004, gerði grein fyrir henni í Ársskýrslu 2008 og síðan voru haldnir tveir fundir í október þar sem niðurstöður voru kynntar og verðlaun veitt fyrir hæstdæmdu kýrnar. Vegna þess eyddi ég nokkrum tíma á síðastliðnu sumri í myndatökur af kúnum.

Ég fylgdi eftir vali á nautkálfum af svæðinu til notkunar á Nautastöðinni. Alls voru á árinu teknir 13 kálfar sem allir fóru inn í nýju Nautastöðina á Hesti. Hún var vígð 10. febrúar og var ég viðstaddur þá athöfn.

Ég kom lítillega að fóðuráætlanagerð og einnig setti ég saman fóðurlöndur fyrir nokkra bændur sem stunda kornrækt.

Að venju kom ég að greiðslumarkssölum í mjólk sem fram fóru á svæðinu. Þær voru reyndar sárafaár á síðasta ári og það mjólkurmagn sem höndlað var með voru aðeins rúmlega 200 þúsund lítrar.

Mikill tími fór í fundahöld, og þá sérstaklega í mánuðunum febrúar – apríl. Ég mætti á nokkrum aðalfundum búnaðarfélaga og ýmissa félaga sem starfa í þágu landbúnaðarins á svæðinu. Ég sat samráðsfundi ráðunauta sem starfa við nautgriparækt sem haldnir voru í Bændahöll í febrúar og í Nautastöðinni á Hesti í september og þrjá fundi í ræktunarhópi Bændasamtaka Íslands í nautgriparækt. Þá var ég á flestum stjórnarfundum Búgreinaráðs BSE í nautgriparækt og vann með formanni þess að skipulagningu ferðar 35 eyfiskra kúabænda í Dali og Borgarfjörð sem farin var dagana 21. og 22. nóvember.

Úr því að minnst er á heimsóknir má geta þess að ég skipulagði móttöku bænda úr Búnaðarfélagi Mýramanna í aprílbyrjun. Heimsóttu þeir m.a. fimm bú á svæðinu. Síðar í sama mánuði fylgdi ég hópi kúabænda úr Austur-Húnavatnssýslu í dagsferðalagi þeirra hér um slóðir. Í septemberbyrjun var tekið á móti í Búgarði, nemendum Búrekstrarsviðs Landbúnaðarháskóla Íslands, og þeim kynnt sú starfsemi sem þar fer fram.

Hér skal staðar numið í þessari upptalningu, en ég vil að lokum færa bændaþólki og samstarfsþólki í Búgarði, bestu þakkið fyrir samstarfið á árinu.

Ingvar Björnsson

Á árinu 2009 var ég í fullu starfi hjá Búgarði utan eins mánaðar sem ég varði í fæðingarorlof.

Um 30% af tíma mínum fór í ráðgjöf í tengslum við jarðrækt og fóðuröflun. Þetta er svipað og undanfarin ár. Sem fyrr eru áburðaráætlanir, ýmis ráðgjöf varðandi tegunda- og stofnaval í gras- og græn fóðurrækt og ráðgjöf varðandi kornrækt fyrirferðarmest. Áberandi var að bændur á svæðinu leituðu allra leiða til að draga úr áburðarkostnaði sem og öðrum kostnaði. Var ljóst að bændur voru mun meðvitaðri en fyrr um nýtingu búfjáraburðar og veltu fyrir sér ýmsum leiðum til sparnaðar. Þróun kornræktarinnar hélt áfram og nokkur aukning var í kornrækt á svæðinu. Þannig jókst kornrækt í Þingeyjarsýslum um fjórðung en kornrækt í Eyjafirði um 10%. Til starfa tók öflug þurrkstöð að Þverá í Eyjafirði og hafði hún næg verkefni strax á fyrsta ári. Þá má nefna forverkefni sem ráðist var í í samstarfi við Búnaðarsamband Austurlands og fólst í hagkvæmnisathugun á rekstri færanlegrar heykögglaferksmiðju á Norðaustur- og Austurlandi. Var ráðist í ítarlega athugun og kynningu á verkefninu en unnið er áfram að því verkefni á vegum Félags áhugafólks um heimafóður.

Líkt og árið 2008 voru greiddir jarðabótastyrkir á alla jarðrækt bænda. Mikil vinna fór í að ganga frá og skrá umsóknir og úttektir vegna þessara styrkja. Þá var ákveðið að Bjargráðsjóður myndi styrkja áburðarkaup bænda um 10.000 kr á keypt tonn og fóru þær umsóknir í gegnum sama feril og jarðabæturnar. Reyndist öll þessi vinna tímafrek og fór um 10% vinnutíma mínum í þessi störf.

Eftir efnahagshrun á haustdögum 2008 og gengishrun í kjölfarið var ljóst að margir bændur myndu lenda í vandræðum með að standa við lánaskuldbindingar sínar. Segja má að vinna við hagfræðileiðbeiningar hafi tekið mið af þessari stöðu og hafi nær eingöngu falist í því að vinna áætlanir fyrir bændur vegna fjárhagslegrar

endurskipulagningar. Af þessum sökum sat búrekstrarverkefnið Ráðhildur nokkuð á hakanum. Af öðrum verkefnum tengdum rekstri má m.a. nefna aðkomu að samningagerð vegna ætliðaskipta og fleiri tilfallandi verkefni. Samtals fór um 15% vinnutímans í rekstrartengd verkefni.

Þann 1. maí 2009 tók félagið Möðruvellir ehf við rekstri búsinns á Möðruvöllum í Hörgárdal. Félagið keypti bústofn og vélar og leigir land og hús af Landbúnaðarháskóla Íslands. Möðruvellir ehf eru í eigu búnaðarsambandanna á Norðausturlandi og var mér falin framkvæmdastjórn félagsins. Í þetta fór nokkur tími og mikil orka sem bættist við önnur störf. Tók þetta um 15% vinnutíma míns.

Af öðrum verkefnum ber að nefna umsjón með heimasíðu, ritstörf og útgáfumál sem tóku um 10% vinnutíma míns og stjórnun, endurmenntun, fundarsetur og ýmis fagstörf sem voru ríflega 20% vinnutímans.

Ég vil að endingu þakka bændum Norðaustanlands og samstarfsfólki nær og fjær fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

María Svanbrúður Jónsdóttir

Starfsárið 2009 einkenndist um margt af því óvissuástandi sem nú ríkir og óþarft er að fjölyrða um hér. Ákveðin föst verkefni eiga sér þó ákveðinn sess, svo sem ráðgjöf vegna ræktunar, framtalsgerðar, styrks- og lánsútsóknar, samningagjörða og fleira. Ýmsir fundir innan starfssvæðisins og undirbúningur vegna þeirra tekur alltaf talsverðan tíma en einnig sótti undirrituð Fræðabíngið í Reykjavík.

Vinna við sauðfjárrækt var með hefðbundnum hætti og vísast í nánari upplýsingar í sauðfjárræktarkafnanum hér í ritinu. Markviss skráning sauðfjársæðinga hófst í fjarvis.is og er þar með kominn grunnur að því að meta með betri hætti árangur sæðinganna. Eitt námskeið í gæðastýringu í sauðfjárrækt var haldið í júní í Selinu í Mývatnssveit fyrir bændur á Norðaustur- og Austurlandi, umsjón með kennslu hafði Borgar Páll Bragason. Notendum að skýrsluhaldskerfinu fjarvis.is fjölga jafnt og þétt og hefur gengið vel með það.

Í ljósi niðurstaðna af fósturvísitalningum Gunnars Björnssonar í Sandfellshaga og ýmissa tilrauna bænda til að breyta fóðrun og meðferð sauðfjár eru margir farnir að huga betur að rafgæðamálum og nú síðast áhrifum af jarðfræðilegum streitusvæðum. Í tengslum við það síðastnefnda hef ég aðstoðað sprotafyrirtækið GS Solver við upplýsingaöflun en fyrstu niðurstöður, þar sem úrbætur hafa verið unnar, eru afar áhugaverðar og mjög samhljóða því sem þekkt víða erlendis.

Í haust kom upp orðrómur um að stöðva ætti líflambasölu úr Norður-Þingeyjarsýslu vegna hósta (kregðu) í lömbum. Þar sem orðrómurinn var nú talinn á lítt grundvölluðum forsendum höfum við Sigurður Þór fylgt því máli eftir ásamt fleirum enda ljóst að vandinn er hreint ekki einskorðaður við svæðið og virðist ekki hamla þroska ásetningslamba svo fremi sem aðbúnaður og fóðrun sé í lagi. Er nú unnið að frekari upplýsingaöflun og eftirfylgni en óneitanlega hefur þetta spillt fyrir líflambasölu.

Samstarf við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hélt áfram með óformlegum hætti í ýmsum verkefnum sem snerta hagsmuni bænda en auk þess skipulagði ég kynnisferð Guðbjargar Jóhannesdóttur nýsköpunarráðgjafa BÍ um svæðið. Tvímælalaust búa Þingeyingar vel að þeim stuðningi sem Atvinnuþróunarfélagið hefur veitt þeim.

Önnur verkefni eru ótalin sem taka misdrjúgan tíma, s.s. rekstraráætlanir, áburðarleiðbeiningar, aðstoð við tölvuforrit bænda, forðagæsla, aðstoð við viðskipti með greiðslumark, samantekt gagna fyrir ársritið, úttekt þróunar- og jarðabótaverkefna, túnkortagerð, úttekt á kali, gróðurskoðunarferðir með Landgræðslunni, ýmiss konar samningar, bréfaskrif og ótal margt fleira.

Vil ég að lokum þakka samstarfsfólki og bændum í héraði fyrir samstarfið á árinu.

Ólafur G. Vagnsson

Störf mín á árinu 2009 voru að flestu leyti svipuð og var á árinu 2008. Helstu verkþættir eru áfram sauðfjárrækt, búfjárfirlit, kartöflurækt, mat á landi og byggingum, svo og samningagerð ýmiss konar.

Hvað sauðfjárræktina varðar þá kom ég að lambaskoðun á nokkrum bæjum bæði einn og einnig Sigurði Þór Guðmundssyni til aðstoðar m.a. við ómmælingar. Nokkuð kom ég að undirbúningi sauðfjársæðinga, m.a. með útvegum á svömpum o.fl. Þá berast alltaf nokkuð margar fjárbækur inn á mitt borð. Reyni ég að yfirfara þær og leiðrétta ef þörf er á.

Hópur sauðfjárbænda úr Skagafirði var hér á ferð 18. apríl. Ferðaðist ég með þeim um svæðið og voru heimsóttir nokkrir sauðfjárbændur í Grýtubakkahreppi og Norður Þingeyjarsýslu. Voru móttökur heimamanna til mestu fyrirmyndar. Bændur í Sf. Skriðuhrepps voru svo elskulegir að bjóða mér með í heimsókn sem farin var til nokkurra sauðfjárbænda í Öxarfirði 14. nóvember. Eru þeim hér með færðar bestu þakkir fyrir en þessi ferð var hin ánægjlegasta í alla staði eins og venja er með slíkar ferðir.

Búfjárefirlitinu var sinnt með svipuðum hætti og undanfarin ár og skiptum við Smári Helgason frjótæknir vinnunni milli okkar bæði við söfnun á skýrslum og vorsköðun á bæjunum. Þó varð sú breyting á, að Sigurður Þór sá um búfjárefirlitið í þeim hluta af Norðurþingi, sem ég hef sinnt undanfarin ár. Gat ég því sinnt stærri hluta Eyjafjarðar nú en undanfarin ár. Alltaf er svo nokkuð um aukaskoðunarferðir til búfjáreigenda þar sem hlutirnir eru ekki í lagi.

Ég hef eins og undanfarið haft eftirlit með ræktun kartaflna hjá framleiðendum, sem hafa fengið framleiðsluna vottaða sem vistvæna. Mega þessir bændur selja sínar kartöflur sérmerktar sem vistvæna landbúnaðarafurð. Voru það 8 framleiðendur á árinu 2009 sem fengu vottun. Ýmis fleiri úrlausnarefni varðandi kartöflurækt koma inn á mitt borð t.d. í sambandi við áburðarnotkun og eyðingu illgresis. Þá hef ég aðstoðað Sigurgeir Ólafsson við eftirlit með stofnrækt kartaflna, sem áfram er stunduð hér á svæðinu.

Á árinu 2009 hefur talsverður tími farið í aðstoð við sölu og leigu jarða og annarra fasteigna í sveitunum. Þá hefur eins og undanfarin ár nokkur tími farið í mat á jörðum, bústofni o.fl. Einnig var þó nokkrum tíma eytt í aðstoð við landskipti, stofnun sérlóða á jörðum og önnur mál í þeim dúr.

Ég sótti að venju ráðunautafund og Fræðaping sem haldið var í febrúar og sat einnig flesta fundi sem haldnir voru á vegum BSE og FSE, Félags sauðfjárbænda við Eyjafjörð.

Að lokum færi ég bændafólki öllu í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, svo og stjórn og öðru samstarfsfólki, bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á árinu 2009.

Sigríður Bjarnadóttir

Árið 2009 var ár umbreytinga á margan hátt í þjóðfélaginu og það sama á við um mig. Ég fór í námsleyfi á haustdögum en fram að þeim tíma hafði ég verið í 80% starfshlutfalli, bundnu við fjóra vinnudaga vikunnar. Ég vil þakka fyrir þá lipurð sem mér hefur verið sýnd varðandi vinnutilhögun og námsleyfið.

Mismunandi er eftir árstíma hvaða starfi er sinnt hverju sinni og mótast vinnutími minn þessa árs af því að ég fór í námsleyfið frá haustinu. Rúmur þriðjungur vinnutímans var bundinn við nautgriparræktina þar sem fódurleiðbeiningar eru hvað fyrirferðamesti hlutinn. Þá kom ég að kúadómum að vorinu í fyrsta skiptið og fékk

góðar viðtökur, takk fyrir það. Sem fyrr hef ég ritstýrt Ársriti búnaðarsambandanna þriggja og fóru tæp 19% vinnutímans í það ásamt greinaskrifum tengdum Fréttum og fróðleik og svoltílli fréttavinnu tengdri heimasíðu Búgarðs. Einungis 16% vinnutíma míns þetta árið varði ég í rekstrarverkefnið Ráðhildi en það var ekki fyrr en seinni hluta ársins sem sú vinna kom inn á borð búnaðarsambandanna af fullum þunga. Rúm 10% vinnutímans fór í utanumhald verkefnis sem tengist söfnun sauða- og geitamjólkur og öðrum tæpum 10% vinnutíma míns var sinnt til endurmenntunar. Aðrir liðir telja minna, svo sem jarðrækt, hrossarækt og matsstörf hvers konar.

Fjölbreytni starfsins gerir það skemmtilegt og spennandi og alltaf er gaman að eiga leiðir um hið víðáttumikla svæði. Ánægjulegt er að sjá þegar ábúendur býla eru meðvitaðir um að ganga vel og snyrtilega um land og hús enda skiptir ásýnd miklu hvað varðar jákvæðni gagnvart landbúnaðinum. Umgengni lýsir innri manni og það má aldrei slaka þar á, þarna er um eilífðarverkefni að ræða. Það sama á við um reksturinn, þar er meðvitund nauðsynleg. Fjárfestingar og framkvæmdir liðinna „góðæra“ með tilheyrandi erlendri lántöku hafa svo sannarlega íþyngt og allt að því sligað margan búandann. Þar verður hver og einn að meta eigin aðstæður og halda vitund. Vitund um hvað er í boði hverju sinni og hvað borgar sig fyrir viðkomandi aðila, vitund um hvaða og hvers konar framkvæmdir séu bestar til framtíðar og vitund um hvernig sé best að halda áfram. Í allri hringiðunni er þrátt fyrir allt gott að staldra við, njóta þess sem er til staðar og horfa til ánægjulegra afurða erfiðisins; heilnæm matvara og náttúra.

Takk fyrir ánægjuleg samskipti á árinu 2009, bændur og samstarfsfólk, stjórn og stjórnendur. Takk fyrir árið 2009 ☺

Sigurður Þór Guðmundsson

Árið 2009 var að mestu notað í störf í þágu sauðfjárræktar um $\frac{3}{4}$ vinnutímans fóru í ýmis störf henni tengdri, aðstoð við bændur sem eru að taka upp notkun á fjarvís.is, skoðun á líffé um haustið, fundahald en mér telst til að ég hafi komið á fundi hjá 11 fjárræktarfélagum á svæðinu, sat fundi hjá Búnaðarsamböndum N-Þing og S-Þing, fór á kynningarfundum fyrir sæðingarstöðvarnar og fræðslufundi með Sigurði Sigurðarsyni dýralækni. Sat fund með dýralæknum og fleirum um hósta í lömbum. Sat fund um áhrif rafmagns á sauðfé í Búgarði, en ljóst þykir mér að efla þurfi aðkomu dýralækna að heilbrigðismálum sauðfjár. Þá var gert nokkuð átak í að taka saman árangur sæðinga á svæðinu í tilefni þess að nú er hægt að taka það saman í kerfinu fjarvís.is. Haldnir voru nokkrir vinnufundir með bændum um notkun á fjarvís.is. Hef ég átt gott samstarf við sauðfjárþænda á öllu svæðinu sem og aðra ráðunauta.

Aðeins hef ég komið að jarðræktinni, gerð áburðar- og ræktunaráætlana fyrir bændur, gerð tunkorta, þróun á skýrsluhaldskerfinu jörð.is hjá Bændasamtökunum. Slíkt kerfi á að verða verkfæri til að styðja við frekari ráðgjöf og rannsóknir í fóðurframleiðslunni. Innflutningsfyrirtækið Búvís óskaði eftir ráðgjöf við innflutning á áburði og vann ég nokkuð fyrir þá. Þá lagði ég út stofnatilraun í grasrækt með Guðna Þorvaldssyni hjá LBHÍ í Þistilfirði í sumarbyrjun.

Ekki komst ég á Fræðaping landbúnaðarins vegna brjóskloss í baki sem ég fékk í byrjun febrúar og urðu nokkur veikindaforföll hjá mér vegna þess.

Þá hef ég séð um búfjárefirlit í Kelduhverfi, Óxarfirði, Sléttu og Svalbarðshreppi, samkvæmt samningi sveitafélagana við Búgarð og hefur það tekið um 1/10 vinnutímans. Jarðabætur og þróunarverkefni hafa verið á mínu borði í samstarfi við þau Maríu og Ingvar. Þakka ég samstarfsmönnun, bændum og stjórnnum Búnaðarsambanda fyrir gott samstarf.